

Nr. 024 / 09 Narfi SU 68**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2628
Smíðaður: Hafnarfirði 2004, plast
Stærð: 11,5 brl. 14,5 bt.
Mesta lengd: 12,25 m Skráð lengd: 11,18 m
Breidd: 3,74 m Dýpt: 1,41 m
Vél: Yanmar 314 kW, 2004
Fjöldi skipverja: 2



Narfi ©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. mars 2009 var Narfi SU 68 á siglingu á Reyðarfirði. Veður: N 8 m/sek.

Á siglingunni sá skipstjórinn í eftirlitsmyndavél í vélarúmi að reyk lagði úr öndun á sveifarhúsi og við athugun kom í ljós að stimpill var farinn. Vélin var stöðvuð og fengu bátsverjar Dögg SU 229 til að draga bátinn til hafnar á Reyðarfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að við viðgerð var í fyrstu talið að lélegur spíss hefði orsakað bilunina og var gert við vélina með tilliti til þess. Skömmu síðar kom samskonar atvik upp aftur en þá kom í ljós að aðskotahlutur, álpinna, hafði stíflað kælrör fyrir stimpilkælinguna. Talið var að þessi hlutur hafi verið í smurkerfi vélarinnar frá því að hún var sett saman í upphafi.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.